

Fundur stjórnar Almannaheilla

haldinn í Sigtúni 42, fimmtudaginn 7. apríl kl. 09:00

Mætt: Ketill, Steinunn, Þóra, Þröstur, Jónas, Helga.

Aðrir höfðu boðað forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Aðildarumsóknir
3. Frumvarp til laga um almannaheillasamtök
4. Aðalfundur Almannaheilla
5. Fundur fólksins
6. Nám fyrir stjórnendur í þriðja geiranum
7. Málþing Almannaheilla
8. Starf málefnaþópa
9. Drög að fjárhagsuppgjöri 2015
10. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. **Fundargerð** síðasta fundar upplesin og samþykkt.
2. **Aðildarumsóknir:** Ein umsókn lá fyrir fundinum, umsókn Norræna félagsins. Ketill fór yfir ferlið og afgreiðslu aðildarumsókna. Inntökunefnd mat fyrirbyggjandi umsókn en hluta gagna vantaði með umsókn. Afgreiðsla umsóknarinnar hefur dregist, m.a. vegna vandamála í tölvukerfi. Talið brýnt að koma því í betra horf. Ketill hefur samband við Norræna félagið og tilkynnir að stjórn Almannaheilla samþykki aðildarumsóknina, með fyrirvara um skil á gögnum, ársreikningi og ársskýrslu.
3. **Lagafrumvarp:** Ketill skýrði frá því að ráðherra hefði ekki kynnt frumvarp til laga um almannaheillasamtök í ríkisstjórn en til stæði að leggja það fyrir Alþingi fyrir sumarhlé. Staðan í stjórn máli kunnir þó að hafa áhrif á framgang málsins. Stjórn Almannaheilla verði við því búin að frumvarpið komi fram og undirbúi nauðsynlega kynningu málsins. Sjá nánar í 8. lið fundargerðar (starf málefnaþópa)
4. **Aðalfundur:** Ákveðið að boða til aðalfundar Almannaheilla fimmtudaginn 26. maí 2016 klukkan 16:00-18:00. Fundurinn verður í húsnæði Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, Reykjavík. Lagt til að leitað verði til Helga Gunnarssonar, UMFÍ vegna fundarstjórnar og Jóns Pálssonar, UMFÍ vegna fundarritunar. Ólafur Proppé tilnefndur formaður uppstillingarnefndar og fær með sér tvo fulltrúa. Listi yfir fulltrúa í framboði til stjórnar verði tilbúinn einni viku fyrir boðaðan aðalfund. Enginn framboðsfrestur er til setu í stjórn og því hægt að bjóða sig fram á aðalfundinum. Þóra lagði til að formaður uppstillingarnefndar sendi aðildarfélögum ábendingu um aðalfund og stjórnarkjör sem þar færi fram. Vinnuhópur var skipaður til að yfirfara lög Almannaheilla en í honum sitja Ketill, Ragnheiður og Þröstur. Tillögur til lagabreytinga verði kynntar á næsta stjórnarfund Almannaheilla. Sýnileikahópur og formaður taka ákvörðun um gest aðalfundar. Rætt var hvort sameina ætti aðalfund og málþing Almannaheilla en niðurstaðan varð sú að halda þessu tvennu aðskildu.
5. **Fundur fólksins:** Ketill greindi frá því að hann hefði ásamt Jónasi hitt félags- og húsnæðismálaráðherra, auk annarra fulltrúa úr velferðarráðuneytinu. Fyrir liggja drög að samkomulagi um fjárstuðning ráðuneytisins við verkefnið. Almannaheill mun annast skipulag Fundar fólksins og vera í forsvari fyrir verkefnið. Ketill kynnti tilögu að framkvæmd og næstu skrefum. Stefnt er að tveggja daga lýðræðishátíð í byrjun

september 2016. Stefnt er að því að ráða framkvæmdastjóra sem fyrst og verður auglýst eftir honum á næstu dögum. Settur verður á laggirnar stýrihópur sem mun funda reglulega. Jónas lagði áherslu á að þétt utanumhald yrði um fjárhagshluta verkefnisins þar sem ábyrgðin liggur mikið til hjá Almannaheillum. Stjórn Almannaheilla samþykkti að formaður ynni áfram að verkefninu í samræmi við framkomnar hugmyndir.

- 6. Nám fyrir stjórnendur í 3ja geiranum:** Ketill kynnti hugmyndir að námi fyrir stjórnendur félaga í 3ja geiranum og lagði fram minnisblað þar um. Ketill hefur fundað með UMFÍ og ÍSÍ um málið en bæði sambönd eru í svipuðum hugleiðingum. Nám gæti hugsanlega hafist í einhverri mynd haustið 2016. Ketill, Steinunn og Þóra tóku að sér að forma tillögur að námi fyrir 3ja geirann.
- 7. Málþing Almannaheilla:** Jónas kynnti vinnu málefnaþóps um sýnileika. Umfjöllun um fjármál félagasamtaka talin fýsilegur kostur. Ákveðið að leita til Sir Stuart Etherington, framkvæmdastjóra National Council for Voluntary Organisations í Bretlandi. Horft er til dagsetninganna 17 eða 18. maí 2016 með málþing sem standi frá 11:30 – 13:00. Ketill mun leita til Sir Stuarts.
- 8. Starf málefnaþópa:** Stuttlega farið yfir starf málefnaþópa frá síðasta stjórnarfundum. Punktur frá sýnileikaþópi vegna frumvarps til laga um almannaheillasamtök og viðbrögð Almannaheilla;
 - 1) Skjal með spurningum og svörum um einstök atriði frumvarpsins
 - 2) Virkja þarf einstaklinga til að skrifa greinar um áhersluatriði frumvarpsins
 - 3) Stjórn Almannaheilla sendi frá sér ályktun, tengda framlagningu frumvarpsins
 - 4) Komast þarf að í fjölmíðlum eftir að frumvarpið hefur verið lagt framKetill rifjaði upp hugmynd að heilsíðuauglýsingu með stuðningi aðildarféлага og/eða fyrirtækja. Þá mætti hugsanlega boða til félagsfundar til að kynna frumvarpið og sömuleiðis almenns fundar um málið. Stjórnarmenn sammála um að vinna áfram í málinu og vera undir það búnir að frumvarpið líti dagsins ljós.
- 9. Drög að fjárhagsuppgjöri:** Jónas kynnti drög að fjárhagsuppgjöri. Afkoman er jákvæð og svipuð og undangengin ár. Drögin verða send skoðunarmönnum reikninga. Að lokinni samþykkt stjórnar verður fjárhagsuppgjör sent út með aðalfundarboði.
- 10. Önnur mál:** Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:07